



Mannvit hf.
Haukur Einarsson
Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 6. janúar 2015
Tilv.: UMH14120064/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis yðar f.h. Eskju hf. frá 11. desember sl. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju hf., á Eskifirði á meðan unnið er að nýju starfsleyfi fyrir fyrirtækið. Fram kemur í framangreindu erindi að umsókn um starfsleyfi hafi verið lögð inn til Umhverfisstofnunar og að nú sé unnið í starfsleyfisgerð fyrir fyrirtækið hjá stofnuninni. Jafnframt að starfsleyfið gildi til 1. febrúar 2015 og ekki muni nást að gefa út nýtt starfsleyfi fyrir þann tíma. Óskað sé eftir því að veitt verði undanþága til áframhaldandi reksturs og vinnslu meðan á starfsleyfisferlinu stendur.

Í 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 6. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 29. desember sl., og þar staðfestir stofnunin að rekstraraðili hafi sótt um nýtt starfsleyfi til stofnunarinnar, sbr. erindi til stofnunarinnar, dags. 4. desember sl. Umsóknin hafi komið fram stuttu áður en núverandi starfsleyfi rennur út, og vilji stofnunin benda á að heppilegra hefði verið að sækja um nýtt starfsleyfi með mun meiri fyrirvara. Umhverfisstofnun telji koma til álita að ráðuneytið veiti rekstraraðila undanþágu frá starfsleyfi á meðan unnið er að nýju starfsleyfi rekstraraðila.


Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar og í samræmi við ákvæði 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir fellst ráðuneytið á að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði að uppfylltum þeim skilyrðum að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði eldra starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 23. september 2003 fyrir Eskju hf., fiskimjölsverksmiðju, Eskifirði og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr.

7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra á grundvelli þeirra.


Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til
1. september 2015.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Vigdís Sigurðardóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands